

Menntaskólinn á Akureyri

Fer 303

Málabraut 4. A

Vorönn 2012

Undanfari: Fer 203



Áfangalýsing

Í áfanganum verður sjónum beint út fyrir landsteinana og verður nemendum úthlutað erlendum ferðamannastöðum sem þeir munu vinna geinargerðir um. Skulu nemendur þar leitast við að skoða bæði jákvæða og neikvæða þætti ferðaþjónustunnar. Í þessu verkefni verður unnið með ýmis frönsku- og þýskumælandi svæði og lögð áhersla á að kynnst þeim vel svo og að nemendur geti nýtt kunnáttu sína í þessum tungumálum.

Nemendur munu síðan heimsækja einhverja þeirra staða sem um hefur verið fjallað, kynnst þeim af eigin raun og afla þar frekara efnis um þá ferðaþjónustu sem í boði er.

Að ferðunum loknum verður unnið úr því efni sem safnað hefur verið og það sett fram til kynningar. Einnig er stefnt að því að nemendur fari með þessar ferðakynningar út fyrir vegg skólans.

Í áfanganum verður fjallað almennt um ferðaþjónustu, sögu hennar og hlutverk, og fengnir fyrirlesarar úr atvinnulífinu til að kynna ýmsa þætti þessu tengdu.

Einnig verður lögð áhersla á að þjálfa notkun erlendra tungumála, einkum hvað varðar orðaforða sem tengist ferðaþjónustu. Auk enskunnar þurfa nemendur nú að beita frönsku og þýsku bæði munnlega og skriflega ekki síst á ferðalagi sínu til meginlandsins.

Námsmat byggist að stærstum hluta á því kynningarefni fyrir ferðamenn sem unnið verður á önninni en einnig á vinnuframlagi nemenda í tímum, vinnuskýrslum, jafningjamati og sjálfsmati.

Meginmarkmið

Ferðamannastaðir

- Nemendur viti hvaða þættir í náttúru landa draga að sér ferðamenn, innlenda sem erlenda.
- Nemendur viti hvaða þættir í sögu og menningu þjóða laða helst að sér ferðamenn.
- Nemendur greini hvað það er sem einkennir vinsæla ferðamannastaði.
- Nemendur reyni að átta sig á jákvæðum og neikvæðum hliðum ferðamenskunnar.
- Nemendur kynnist að eigin raun hvað ákveðnar borgir í Evrópu hafa upp á að bjóða fyrir ferðamenn.

Ferðaþjónusta

- Nemendur kynnist grundvallarhugtökum sem tengjast ferðaþjónustu.
- Nemendur kynnist ýmsum sviðum ferðaþjónustunnar á Íslandi sem og í nokkrum borgum Evrópu.

Ljósmyndun og myndbönd

- Nemendur noti stafrænar ljósmynda- og myndbandstökuvélar við öflun gagna á völdum ferðamannastöðum.
- Nemendur tileinki sér vönduð vinnubrögð við öflun mynd- og hljóðefnis.

Erlend tungumál – enska, franska og þýska

- Nemendur vinni með fjölbreyttan orðaforða sem tengist ferðamennsku.
- Nemendur geti beitt þessum orðaforða munnlega og skriflega í mismunandi verkefnum.
- Nemendur tileinki sér hagnýtan orðaforða við móttöku ferðamanna og skipulag ferða á framandi slóðir.

Íslenska

- Nemendur orði hugsun sína á skýran, greinargóðan og læsilegan hátt á vandaðri en lifandi íslensku.
- Nemendur geti þýtt texta úr erlendum málum á eðlilegt, vandað og lifandi íslenskt mál, og sömuleiðis þýtt texta skammlaust úr íslensku á önnur mál.
- Nemendur afli sér viðtæks og lifandi orðaforða um hvaðeina er tengist ferðamennsku.

Námsefni

Ekki verður notast við neina sérstaka námsbók. Kennarar munu eftir föngum koma með námsefni eða benda nemendum á það, aðallega vinna nemendur þó með upplýsingar af Netinu, úr ferðahandbókum og bæklingum. Nemendur þurfa, eins og áður, að greiða 8000 krónur til að standa straum af kostnaði við vinnuferð til Evrópu. Nauðsynlegt er að ganga frá greiðslu fyrir 1. mars.

Kennsluáðferðir

Stundaskrá er með sama sniði og í fyrri áföngum, margir kennarar koma að málum, nemendur geta verið að vinna að ólíkum verkefnum á sama tíma o.s.frv. Það eru 6 kennslustundir skráðar á einn dag vikunnar, en auk þess er ætlast til að nemendur ljúki heimavinnu þennan sama dag svo og að skila vinnuskýrslu að honum loknum. Því má gera ráð fyrir að skóladegi ljúki um 15.30. Stofa H9 verður aðalvinnustofa Fer303 og hún er opinn vinnustaður á miðvikudögum þar sem aðrir nemendur og kennarar geta átt leið um og fylgst með störfum. Nemendur eru einnig hvattir til að nýta sér bókasafn skólans og tölvuver til hins ítrasta. Í stofu H9 verða einnig hengd upp til sýnis ýmis verkefni ferðamála kjörsviðsins.

Námsmat

40% Myndbandsverkefni um erlenda borg

Greinargerð um erlenda borg

5% „Beinagrind“ (14. febrúar og 28. febrúar)

5% Fyrri skil (7. mars)

15% Lokaskil (16. mars)

10% Kynning á frönsku eða þýsku – jafningja- og kennaramat (21. mars)

10% Vinnuskýrslur nemenda

7,5% Símat á vinnu nemenda á önninni

7,5% Jafningjamat og sjálfsmat á vinnu á önninni

(Réttur til breytinga á þessu er áskilinn ef aðstæður krefjast)

Kennarar

verða ekki öllum stundum með nemendum. Kennarar eru hins vegar viðláttnir á miðvikudögum og geta komið til aðstoðar með stuttum fyrirvara svo fremi þeir séu ekki bundnir við aðra kennslu. Hér eru símanúmer og netföng þeirra:

Anna Eyfjörð Eiríksdóttir FRA	868 1808	anna@ma.is
Guðjón H. Hauksson UTN	824 1564	gudjon@ma.is
Jónas Helgason FER	864 2960	jonas@ma.is
Sigrún Aðalgeirsdóttir ÞÝS	899 6647	sigrun@ma.is
Valdimar Gunnarsson ÍSL	868 8282	valdimar@ma.is

Annað

- **Vinnuskýrslu þarf að skrifa þótt nemandi hafi ekki mætt í tíma. Hann þarf þar að gera grein fyrir fjarveru sinni og hvernig hann hyggst bæta vinnutapið.**
- Reglur skólans um mætingar gilda óbreyttar.
- Þurfi nemandi að vera fjarverandi vegna vinnu sem tengist áfanganum skal það gert í samráði við kennara.
- Þegar nemendur þurfa að ferðast til staða utan Akureyrar vegna verkefnavinnu skulu þeir hafa samráð við Jónas um ferðatilhögum og greiðslu útlagðs kostnaðar áður en haldið er af stað.